

Minnispunktur

Samráðsfundur með Sunnuhlíðarsamtökum. 12. maí 2021 kl. 9:00-9:50 í Bókasafni Kópavogs

Mættir: Gunnsteinn Sigurðsson, Lucia Lund, Anna Stefánsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðmundur Ásgeirsson, Helga Hauksdóttir og Kristinn Björgúlfsson

Starfsmenn: Bjarki Valberg verkefnastjóri verkefnisins, Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri, Sigrún María Kristinsdóttir verkefnastjóri íbúatengsla, Auður D Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi, Berglind Kjartansdóttir skrifstofustjóri umhverfissviðs og Guðrún Edda Finnbogadóttir lögfræðingur

Ásthildur setur fundinn, býður alla velkomna og fundarmenn kynna sig.

Bjarki fer yfir aðgengi að miðbæjarsvæðinu á framkvæmdatíma

Spurt er út í Fjarlægð frá Fannborg 8 að bílastæðaplötu, hún verður svipuð og er í dag en verður 70 cm hærri til að jafna hæðarmun.

Spurt er út í verktíma í framkvæmdafasa 1, gert er ráð fyrir að verktími verði 18-24 mánuðir og lögð verður áhersla á að upplýsingagjöf verði góð á framkvæmdatíma.

Spurt er út í utan á liggjandi lyftu sem á að koma fyrir við Fannborg 8 á framkvæmdartíma, BV sýnir á mynd hvar hún muni koma og útskýrir ástæðu hennar. Lyftan mun tryggja aðgengi íbúa að húsinu og inngangurinn verður sá sami og er í dag, þar sem eru bæði dyrasímar og póstlúgur.

Lýst er yfir áhyggjum af fjarlægðum frá bílastæðum og skorti á þeim fyrir íbúa Fannborgar 8 á framkvæmdarfasa 1. Einnig áhyggjur af ónáðni frá framkvæmdum fyrir íbúa. ÁH skilur þessar áhyggjur en að allt verði gert til að raska sem minnst, framkvæmdin verður umhverfisvottuð og ein af kröfum þess er að upplýsa lóðarhafa í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Gerðar verða úttektir á húsum áður en framkvæmdir hefjast svo íbúar verða tryggðir fyrir tjóni á eignum sínum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti líklega hafist vorið 2022.

Fulltrúar Sunnuhlíðarsamtakana eru hugsi yfir áhrifum framkvæmdanna á íbúa Fannborgar 8, þetta er allt aldrað fólk, meðalaldur íbúa eru 82 ár. Þau finna að íbúarnir eru þegar orðnir kvíðnir yfir fyrirhuguðum framkvæmdum og líður ekki vel með þetta. Það verða að vera kröfur um merkt bílastæði fyrir íbúa, bæði á framkvæmdartíma og líka eftir að framkvæmdum líkur. Íbúar verða að njóta forgangs á bílastæðum. Mögulega væri hægt að hafa aðgangsstýrt aðgengi að bílastæðum fyrir íbúa.

Spurt er um hver sé viðsemjandinn við Sunnuhlíðarsamtökin varðandi þessar og aðrar kröfur í tengslum við framkvæmdirnar. Áhyggjur yfir að erfitt verði fyrir samtökin að að semja við verktaka sem geta svo jafnvel farið á hausinn. GEF útskýrir að Kópavogsbær muni sjá um að semja við verktakana og í þeim samningum verði nákvæm ákvæði varðandi kröfur um upplýsingagjöf til íbúa, tryggingar, bílastæði og fleira.

Lýst er yfir áhyggju af fleygunum og sprengingum. Það fylgir mikill hávaði þegar verið er að fleyga en hins vegar er hægt að stýra sprengingum mikið betur, það er hægt að tímasetja þær og gera íbúum viðvart. Það verður ekki hægt að búa í Fannborg 8 ef það þarf að fleyga mikið. ÁH og GEF svara að það verði sett ákvæði um þetta inn í samninga, mælingar hafa sýnt að klöppin er frekar mjúk og vonandi þarf því lítið að fleyga.

Sunnuhlíðarsamtökin eru á góðum stað fjárhagslega en það gæti breyst ef fólk vill ekki framleigja íbúðir Fannborg 8 á framkvæmdartíma. Það er áhyggjuefni því samtökin eru eitt af fáum svona úrræðum og langur biðlisti. Mun bærinn styðja fjárhagslega við samtökin ef þau verða fyrir fjárhags tjóni? ADK svarar að í skipulagslögum eru ákvæði um að ef sýnt er fram á að skipulagsvinna valdi fjárhagslegu tjóni þá beri sveitafélaginu að bæta það.

Spurt er út í sviptivinda við innganginn eftir að framkvæmdum verður lokið. BV svarar að stöllun á 12 hæða húsinu sé þannig að hún muni að einhverju leyti bæta úr þessu. Eftir síðasta fund (í febrúar) var fenginn erlendur aðili til að gera nýja greiningu. Gróður mun hjálpa mikið en stöllun á húsinu gerir það líka.

Fundi lauk kl. 9:50

Tölvupóstföng:

Gunnsteinn Sigurðsson: gunnsteinn@kopavogur.is

Sigurros Þorgrímsdóttir: sigurrosth@gmail.com

Guðmundur Ásgeirsson: ga@ag.is

Anna Stefánsdóttir: anna.stefansdottir@gmail.com

Lucia Lund: ibudir@sunnuhlid.is

Kristinn Björgúlfsson: umsjon@sunnuhlid.is